



## Ómar Ingi markakóngur EM

*Selfyssingarnir fimm skorðu  
helminginn af mörkum Íslands!*

Ísland lauk keppni á EM í handbolta föstudaginn sl. þar sem liðið hlaut lægri hlut gegn sterku liði Noregs, í leik um 5. sætið á mótinu. Ómar Ingi Magnússon endaði sem markakóngur mótsins með 59 mörk, en þetta er í annað skiptið sem Íslendingur er markakóngur mótsins. Hinir Selfyssingarnir í landsliðinu voru einnig atkvæðamiklir á mótinu og skorðu allir fimm samtals 114 af 230 mörkum liðsins. Bjarki Már Elísson 27 mörk, Elvar Jónsson 12 mörk, Janus Daði Smárason 12 mörk og Teitur Örn Einarsson 4 mörk.

## Stækkun Lækjarbotnaveitu lokið

Sá áfangi náðist nú í janúar að framkvæmdum lauk við stækkun s.k. Lækjarbotnaveitu hjá Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps bs. Framkvæmdir hafa staðið yfir frá 2019 en um er að ræða nýjan miðlunartank í s.k. Fögrubrekku í Landsveit sem tengir saman vatnsöflunarsvæði veitunnar í Lækjarbotnum og m.a. dreifikerfi veitunnar í Bjálmholti, Götu og við Skammbeinsstaði. Með tilkomu þessarar mikilvægu framkvæmdar þá er leyst úr vatns-

þörf veitusvæðisins til langrar framtíðar og afhendingaröryggi veitunnar er tryggt. Verktaki við framkvæmdina var Þjóntandi ehf. og undirverktaki byggingarinnar í Fögrubrekku var Tré- og Straumur ehf en heildarkostnaður við verkið var um 230 m.kr. Það eru sveitarfélögin Rangárþing ytra og Ásahreppur sem eiga veitukerfið en umsjón með rekstri og framkvæmdum er í höndum Þjónustumiðstöðvar Rangárþings ytra. -ry.is



Guðni G. Kristinsson veitustjóri ræsir dælur Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps í Fögrubrekku.

## Endurskinsvestagjöf

Foreldrafélag Vallaskóla hefur haft það fyrir hefð að gefa nemendum í 1. árgangi endurskinsvesti og var árið í ár engin undanteknin. Vestin

eru sérmerkt nemendum og koma sér vel í skammdeginu. Hér má sjá hluta 1. árgangs glöð og sæl með vestin sín og flott bóndadagsbindi.



## Fáðu fagmann í verkið



**PÍPULAGNIR  
HELGA**

Háheiði 10, Selfossi  
S. 699 1985 / 823 6656

**JÖTUNN**

Austurvegi 69 // 800 Selfoss // 480 0400 // jotunn.is // jotunn@jotunn.is



## Sendibílar á Suðurlandi


**Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu**  
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir  
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - [keysrla@keysrla.is](mailto:keysrla@keysrla.is) - [www.keysrla.is](http://www.keysrla.is) - [f /keysrla](https://www.facebook.com/keysrla)

## Batterið Arkitektar ehf

öskar eftir að ráða arkitekta og byggingafræðinga til starfa með starfstöð á Selfossi og/eða Hafnarfirði.

Upplýsingar gefur framkvæmdastjóri Guðmundur Ósvaldsson í síma 8921337 eða tölvupósti [gudm@arkitekt.is](mailto:gudm@arkitekt.is)




## Aðalfundur Hestamannafélagsins Ljúfs

Verður haldinn í Félagsheimili Ljúfs  
**Mánudaginn 14. febrúar 2022 kl. 20:00.**  
Fundinum verður einnig streymt á netinu. Linkur að fundinum verður birtur á samfélagsmiðlum.

Dagskrá fundarins:

- Kosning varaformanns, gjaldkera og meðstjórnanda
- Venjuleg aðalfundarstörf

Við óskum eftir góðu fólki í mótanefnd og áhugasamir félagar eru alltaf velkomnir í öll nefndarstörf.

**Stjórnin**

## Hver er Valli?

**Gunna Stella**

Á tímabili hafa börnin mín haft mikinn áhuga á að lesa/skoða bækurnar „Hvar er Valli?“ Þessar bækur krefjast þess að þú sért með hugann við verkefnið - að finna Valla.

Byrjum á ímynda okkur að Valli sé venjuleg manneskja. Maður sem ólst upp í íslensku þorpi. Fjölskylduaðstæður hans voru nokkuð venjulegar. Foreldrar hans skildu þegar hann var barn og hann ólst upp hjá móður og stjúpforeldrum. Hann átti ágætis samband við þau. Það var samt sem áður ekkert mikið talað um tilfinningar. Hann var hvattur til að herða sig upp og hætta að gráta ef eitthvað kom upp. Hann fór snemma að sjá fyrir sjálfum sér. Harðduglegur ungur maður. Hann fór snemma að heiman. Fórst skóla. Eignaðist kærustu. Skildi samt ekkert í því af hverju henni fannst hann ekki skilja hana, svo þau hættu saman. Þannig endurtók þetta sig og nú var hann komin í samband sem hann vildi ekki klúðra. Hann átti frábæra kærustu og átti von á barni. Hann kunnir ekkert á þetta tilfinningastúss svo hann

ákvað að fara í ráðgjöf áður en að barnið myndi fæðast.

### En „af hverju fór Valli í ráðgjöf?“


Valli er eins og ég og þú. Stundum er hann ekki í sambandi við sjálfan sig. Stundum skilur hann sig ekki. Stundum bregst hann við hinum ýmsu aðstæðum og erfiðleikum á óþroskaðan hátt. Stundum skilur hann ekki að fortíðin hefur áhrif á nútíðina. Hann áttar sig ekki á því að hann á erfitt með að tala um tilfinningar af því að hann áttar sig bara alls ekkert á því hvernig honum líður. Hann skilur ekki að skilnaður foreldra sinna hafði áhrif á hann.

Valli fór ekki í ráðgjöf fyrir neinn annan þótt hann héldi það í byrjun. Hann þurfti að kynna sér. Átta sig á sínum styrkleikum og veikleikum. Skoða vanmátt sinn. Átta sig á því hvað það var sem hann óttaðist. Skilja hvað hann

gerði vel og hvað hann gat gert betur.

Valli fór í ráðgjöf til að finna sjálfan sig.

### Getur verið að þú þurfir að finna þig?



Það er svo gott að gefa sér tíma til að finna sjálfan sig. Maður getur gert það á ýmsan hátt. T.d. með því hlusta á hlaðvörp eða bækur sem hjálpa þér að byrja að skilja sjálfan þig, fara í 12 spora samtök, fara á námskeið sem fara inn á við og hjálpa þér að skilja betur þín eigin viðbrögð og líðan nú eða fara í ráðgjöf. Það er alltaf best að byrja einhversstaðar og vera opin fyrir því að sjá bæði það jákvæða og neikvæða í manns eigin fari. Maður getur víst alltaf vaxið og dafnað er það ekki?

Við getum ekki orðið það sem við þurfum að vera með því að vera það sem við erum. - Oprah Winfrey

*Gangi þér sem allra best,  
Gunna Stella*

Til að panta tíma í fyrirlestur, heilsumarkþjálfun eða ráðgjöf, kíktu þá á [www.gunnastella.is](http://www.gunnastella.is) - Hlaðvarp: Einfaldara líf

## Hvers vegna verkalýðsfélag?

Jónas Yngvi Ásgrímsson

varamaður í stjórn VR.



Oft hef ég heyrt þessa spurningu og eins spurninguna, „Af hverju ætti ég að vera í verkalýðsfélaga?“ Svárið sem ég hef við þessu er einfalt. Verkalýðsfélag styrkir okkur sem einstaklinga þar sem við getum í krafti fjöldans fengið meiri réttindi en við náum fram hvert í sínu lagi.

Margt af því sem nú þykir sjálfsagt er tilkomið vegna baráttu þeirra sem komu á undan okkur, mamma og pabbi, amma og afi og svo framvegis lögðu hart að sér til að við gætum notið þessara sjálfsögðu réttinda.

Í „gamla daga“ var ekki sjálfsagt að fá greidd laun ef þú vannst yfirvinnu. Það er ekki lengra síðan en árið 1955 að í fyrsta kjarasamningi VR var gerð heiðarleg tilraun til að gera einhver skil á milli dagvinnu og yfirvinnu og 1963 náðist að semja um að næturvinna reiknaðist frá kl. 20:00 í verslunum, líka á laugardögum. Í dag eru samningar þannig að dagvinnutími í verslunum er milli kl. 9:00 – 18:00 virka daga en þá tekur eftirvinnutaxtið við. En fleira hefur áunnist með

samtakamættinum. Orlof er eitt af þeim atriðum sem sífellt er verið að skoða þegar verið er að vinna að kjarasamningum. Réttur starfsmanna til orlofs miðast við starfsaldur og getur verið frá 24 dögum til 30 daga. Orlof skal taka á tímabilinu 2. maí til 15. september og er almenna reglan sú að farið sé í frí á launum þessa daga. Þó eru dæmi þess að áunnin orlofskaup er lagt inn á sérstakan bankareikning og nýta starfsmenn þá inneign þegar farið er í frí.

Eins hefur VR ötullega unnið að því að veikindaréttur starfsfólks sé tryggður. Þannig vinna starfsmenn sér inn 2 veikindadaga fyrir hvern unnin mánuð á fyrsta starfsári sínu. Annað starfsárið er veikindaréttur hins vegar 2 mánuðir á hverju 12 mánaða tímabili og getur náð í að vera 6 mánuðir eftir 10 ára starf. Eins og allir gera sér grein fyrir þá er þarna um að ræða rétt en ekki inneign. Því nýta menn sér ekki veikindaréttinn án þess að vera í alvöru veikir. Þetta hefur komið vel fram á þessum síðastliðnu Covid árum en þeir sem ekki höfðu verið veikir undanfarið áttu meiri rétt þegar Covid barði að dyrum og fengu þannig laun í þeim veikindum. Ef veikindi standa yfir lengur en launagreiðandi greiðir samkvæmt kjarasamningum getur félagi í

VR átt rétt á greiðslu sjúkradagpeninga. Eitt er gott að hafa í huga. Veikinda- og slysarétturinn gildir frá því þú leggur af stað að heiman í vinnu og þar til þú ert kominn heim eftir vinnu. Þarna er þó gert ráð fyrir að þú farir beint í vinnu og líka beint heim.

VR hefur samið um margt annað félögum sínum til bóta. Þar má nefna lágmarkshvöld, uppsagnarfrest o.fl. Eins býður VR uppá ýmis konar þjónustu handa félögum og má þar nefna lögfræðiráðgjöf, styrki til náms og tómsunda og starfsmenn VR eru boðnir og búnir til að aðstoða félag VR í hverju því máli sem kunna að koma uppá og leysa úr öllum spurningum sem félagar gætu haft um kjaramál og starf VR.

Ég er einn af þeim heppnu sem hef fengið að starfa að þessum málum innan stjórnar VR. Í störfum mínum hef ég gætt þess að hlustað sé á þarfir félagsmanna á landsbyggðinni og fengið góðar undirtektir innan stjórnar við þeim atriðum sem ég hef bent á. Stjórn verkalýðsfélags sem starfar á landsvísi þarf að hafa innan sinna raða einstaklinga sem þekkja aðstæður og væntingar félagsmanna á þeim svæðum sem starfið nær yfir. Ég mun bjóða mig fram í stjórnarkjöri n.k. febrúar og vonast til að fá kjör í stjórn fyrir næstu tvö ár.

# Ráðagerði og ráðleysa

Hefðir og nýjungar fléttast Halltaf saman í skólastarfi enda þarf skóli bæði að þróast fram í tímann og virða hið liðna. Reyndar eru ýmsir þeirrar skoðunar að skóli sé frekar íhaldsöm stofnun og ná aldrei að slá í takti við þróun samfélagsins. Þá segja hinir að með því að eltast við nýjungar sé skólinn að æra óstöðugan.

Þegar skólahúsnæði FSu var vígt á tíunda áratug síðustu aldar þótti sú bygging nýstárleg og jafnvel framúrstefnuleg fyrir nú utan það að vera tilkomumikil og glæsileg. Hús sem byggðist á grunnformum rúmfræðinnar með mikilli lofthæð, nánast egghvössum útveggshornum, svölum innandyra, gulum hand-

riðum, rauðum og grænum veggjum og risastórum glugga sem þekur alla suðurhlíð byggingarinnar frá gólfi og upp í loft svo nokkuð sé nefnt. En hefðirnar geta líka búið í nýstárlegu húsnæði og ein sú skemmtilegasta eru nöfnin á einstökum rýmum skólans sem sótt eru í sunnlensk bæjarheiti.

Þannig heitir kaffistofa starfsmanna Bollastaðir af því að þar er drukkið úr bollum og ein af vinnustofum kennara á jarðhæðinni kallast Andrésfjós því þar er unnið í básum. Inn af Andrésfjósum er Ráðagerði þar sem lagt er á ráðin og þegar Þór Vigfússon var skóla-meistari kallaði hann skrifstofu sína Ráðleysu af sínum alkunna

húmor. Í sama anda nefndi hann svo skrifstofu aðstoðarskóla-meistara Þverspyrnu. Loftsalir er heitið á miðrymi skólans því þar er hæst til lofts. Saurar 1 og 2 heita salerni starfsmanna og Vælugerði er heiti skrifstofunnar þar sem tekið er við alls konar erindum. Þingdalur kallast fundarherbergi kennara enda er þar þingað og á vegg rýmisins hangir mynd af draugnum Móra sem tengist þeim bæ í Flóa. Að auki er sú saga útbreidd að andi Móra búi og hafi alltaf búið í biluðum tækjum skólans. Skúlaskeið kallast aðstaðan til ljósrítunar og Útverk heitir vinnuaðstaða kennara á annari hæð og þar á bakvið er önnur vinnustofa sem kallast Bak-Útverk. Gaulverjabær er heitið á hátíðarsal skólans því þar hefur alla tíð verið gaulað og nýjasta innréttada fundarrými skólans fékk nafnið Krókur því þar skal krækja í nýjar hugmyndir.

Niðurstaðan af þessu öllu er að hefðir og nýjungar þurfa að haldast í hendur í skólastarfi. Tengsl gamallar þekkingar og nýrrar mega ekki rofna því þau ala af sér öfluga samfélagsþegna. Merkingar mega vera betri á þessum rýmum og stendur það vonandi til bóta.

-jöz/örl



## Sýslumaðurinn á Suðurlandi

### UPPBOÐ

Einnig birt á [www.naudungarsolur.is](http://www.naudungarsolur.is).  
Eftirtalin óskilahross verða boðin upp í hesthúsinu í Miðkrika, D-göta 2a, Hvolsvelli, Rangárþingi eystra, föstudaginn 11. febrúar 2022, kl. 14.00.

Hryssa, rauðskjótt blesótt sokkótt, u.þ.b. 1-3 vetra, ómörkuð og ómerkt.

Hryssa, brúnstjörnött, u.þ.b. 1-3 vetra, ómörkuð og ómerkt.

**Krafist verður greiðslu við hamarshögg og einungis er hægt að greiða með millifærslu eða reiðufé.**

Sýslumaðurinn á Suðurlandi  
31. janúar 2022



fastus.is

## KAFFIVÉLAR SEM HENTA ÞÍNUM REKSTRI GOTT KAFFI KÆTIR

**BRAVILOR  
BONAMAT**



**Bravilor TH**  
Frábær uppáhellingarvél með vatnstanki.



**Bravilor THa**  
Frábær uppáhellingarvél með vatnstengi.



**Bravilor Sprso**  
Handhæg og öflug baunavél sem hentar smærri fyrirtækjum.

Nánari upplýsingar veitir sölufólk okkar í síma 580 3900

## Álagning fasteignagjalda 2022



Álagningu fasteignagjalda í Sveitarfélaginu Árborg fyrir árið 2022 er nú lokið.

Líkt og undanfarin ár verða hvorki sendir út álagningarseðlar né greiðsluseðlar fyrir fasteignagjöldum ársins 2022.

Álagningarseðlar eru birtir rafrænt á vefsíðunni island.is undir „Mínar síður“. Innskráning er með rafrænum skilríkjum. Sem fyrr birtast kröfur vegna fasteignagjalda í netbanka greiðanda og greiðsluseðlar undir rafræn skjöl.

Allar nánari upplýsingar um álagningu fasteignagjalda og innheimtu eru veittar á skrifstofu sveitarfélagsins í síma 480-1900 eða á netfangið arborg@arborg.is.

Sveitarfélagið Árborg  
Ingibjörg Garðarsdóttir  
fjármálastjóri

## Dýralæknir í gæðateymi

Sláturfélag Suðurlands óskar eftir að ráða dýralækni í gæðateymi félagsins. Um er að ræða starf í gæðateymi sem sér um öll gæðamál hjá **SS** og dótturfélögum þess **Reykjagarði** og **Hollt & Gott**. Staðsetning er á Suðurlandi og starfstöðvar eru víða um Suðurland og á höfuðborgarsvæðinu

### Helstu verkefni

- Dýravelferð
- Viðhald og þróun HACCP gæðakerfa
- Undirbúningur og þátttaka í gæðaúttektum
- Samskipti við eftirlitsaðila
- Fagleg ráðgjöf í alifuglaeldi
- Önnur tilfallandi verkefni gæðadeildar

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun í dýralækningum
- Grunnþekking á gæðakerfi byggðu á HACCP
- Sjálfstæði og frumkvæði í vinnubrögðum
- Mikil samskiptahæfni og geta til að vinna í teymi
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti
- Góð tölvufærni

Sláturfélag Suðurlands er samvinnufélag í eigu bænda á Suður- og Vesturlandi og annast framleiðslu og sölu afurða þeirra. Reykjagarður sérhæfir sig í kjúklingabúskap og vinnslu kjúklingaafurða undir merkjum **HOLTA**. **Hollt & Gott** sérhæfir sig í fullvinnslu á fersku grænmeti, ávöxtum, brauðsalötum og sósum. Hjá samstæðunni vinna um 450 manns víðsvegar um Suðurland og á höfuðborgarsvæðinu.

Tekið er við umsóknum á [alfred.is](http://alfred.is)



# Sunnlenski matgæðingurinn



Takk kærlega Lárus fyrir áskorunina. Fyrir mér er þetta heljarinnar áskorun því uppskrift er eitthvað sem mér þykir erfitt að fylgja, bæði hvað varðar hráefni og tímasetningar. Fyrir mér á eldamennskan að vera einföld og helst fljótleg en maturinn þarf að vera góður - en það heppnast ekkert endilega alltaf.

Á þorranum lagi kannski beinast við að velja uppskrift í þeim anda en ég snerti sjálf ekki við slíkum mat og rifjast upp fyrir mér trog fullt af veigum með Mexico vefjum, tortillum, salsasósa og fleiru í þeim dúr sem ég tók með mér á þorra-blót í Skagafirði fyrir svolitlu síðan.

En þar sem ég ólst upp við sjávarsíðuna og fékk ferskan fisk oftast en ekki alla virka daga vikunnar ætla ég að reyna koma uppskrift á blað.

### Fiskiréttur með karrí og hrísgrjónum

Fersk flök beint úr Fiskbúð Suðurlands.

Ýsa, Þorskur eða sá fiskur sem þér þykir bestur. Ca. 900 - 1200 g fyrir 4. Tek stundum meira til að tryggja mér afgang sem einfaldar eldamennskuna daginn eftir.

Ég byrja á því að sjóða hrísgrjón, ef þið notið þoka þá

tveir þokar, en fer aðeins eftir stærð eldfasta mótsins og smekk hvers og eins.

Næst mýki ég það grænmeti á pönnu upp úr olíu sem ég vel hverju sinni. Í þetta skiptið ætla ég að nota hálfan blaðlauk, hálfur rauðlaukur og smátt skornar gulrætur, þunnar sneiðar og jafnvel smá brokkolí líka. Þegar þetta er byrjað að mýkjast helli ég 1/2 lítra af rjóma, (jafnvel meira) krydda með salti, pipar og slatta af karrí og smakka til. Ég vil að þetta bragðist vel og bæti karrí út í alveg þangað til ég er sátt. Svo er líka gott að nota 1-2 grænmetistening. Leyfi þessu að malla á miðlungs hita meðan ég sker fiskinn í minni bita og set soðnu hrísgrjónin í eldfast mót.

Næst legg ég fiskinn ofan á hrísgrjónin, krydda yfir fiskinn með pipar og karrí, helli síðan grænmetis og rjóma-blöndunni yfir fiskinn, set rifinn ost yfir allt og ef ég er í stuði blanda ég oft smá piparosti með líka.

Þetta bakast svo í ofni þar til fiskurinn er klár. Kannski við 180\* í 15-25 mín. Stundum slekk ég bara á ofninum eftir 10-15 mín og leyfi fiskinum að vera þangað til allt meðlæti er klárt og allir sestir við borðið. Meðlæti er oftast en ekki alíslenskar soðnar kartöflur með smjöri og salti og ferskt salat með fetaosti.



Marta Gunnarsdóttir

Annað tvíst er að velja fiskrétt úr hinu ljúffenga fiskborði hjá þeim í Fiskbúð Suðurlands, setja hrísgrjón í botn á eldföstu móti, krydda yfir með salti, pipar, karrí eða því sem passar vel við réttinn sem þú velur, setja fiskréttinn á hrísgrjónin, hella 1/2 l rjóma yfir, setja ost yfir og auðvitað hafa soðnar kartöflur og grænmeti með. Aðeins fljótlega og alls ekki síðra.

Vonandi getið þið tínt eitthvað úr þessu inn í ykkar eldamennsku, grænmetið má vera hvað sem er, stundum hef ég líka laumað rúsínum eða smátt skornum döðlum með til að fá smá tilbreytingu og svo er hægt að leika sér með krydd í rjóma-blönduna - allt eftir smekk og hvað hugurinn girnist hverju sinni.

Mig langar að skora á **Nönnu Jónsdóttur á Miðhóli**. Er alveg viss um að hún eigi eitthvað sniðugt í pokahorninu til að deila með okkur.

Matgæðingar eru beðnir að senda á [dfs@dfs.is](mailto:dfs@dfs.is) uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



Sími 482 1944  
[selfoss@prentmetoddi.is](mailto:selfoss@prentmetoddi.is)  
[prentmetoddi.is](http://prentmetoddi.is)  
Eyravegur 25, Selfoss



Útgefandi: Prentmet Oddi,  
Eyravegi 25, 800 Selfoss,  
sími 482 1944, [dfs@dfs.is](mailto:dfs@dfs.is), [www.dfs.is](http://www.dfs.is).  
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson,  
sími 856 0673, [gunnar@dfs.is](mailto:gunnar@dfs.is).  
Auglýsingadeild: Sími 482 1944,  
[auglysingar@dfs.is](mailto:auglysingar@dfs.is).

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á mánudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



## Gáta vikunnar

Vísnaátur-höf:  
Ármann Dalmanntson  
Útg. Bókaútgáfan SKRUDDA

Húsmóðirin hafði mig á hlóðarsteinum.

Ég hýsi rót með grænum greinum.

Ég geymist undir rúmi í leynum.

Svar við gátu í blaði 2634: **LEIBSLA**

1. Vatnsleiðsla - 2. Rafleiðsla
3. Hugleiðsla



## Ellý Tómasdóttir gefur kost á sér í 2. sæti

Ég, Ellý Tómasdóttir gef kost á mér í 2. sætið í lokuðu prófkjöri Framsóknar í Árborg. Ég er með Bakkalársgráðu í Sálfræði frá Háskólanum á Akureyri. Að auki er ég með meistrargráðu í Mannauðsstjórnun frá Háskóla Íslands og starfa sem Forstöðumaður í Frístunda-klúbba á Selfossi.

Sumarið 2014 fluttum við fjölskyldan á Selfoss og erum stolt af því að tilheyra því samfélagi sem hér þrífst. Undanfarin ár hefur Sveitarfélagið Árborg vaxið gríðarlega og mikil fjölgun íbúa og uppbygging hefur átt sér stað. Við höfum notið þeirra forréttinda að fá að fylgjast með þeirri þróun og taka þátt í henni. Þeirri þróun fylgja þó óhjákvæmilega miklar áskoranir svo hægt verði að tryggja öllum

íbúum góð búsetuskilyrði, þjónustu og atvinnu í samfélaginu okkar.

Við þurfum að halda áfram á þeirri framsæknu vegferð sem hefur fylgt uppbyggingunni á undanfögnu kjörtímabili, leggja aukna áherslu á uppbyggingu atvinnutækifæra, viðhald innviða og farsæl tækifæra fyrir einstaklinga til að blómstra hér óháð aldri, stöðu eða menntun og hlúa að barnafjölskyldum. Þannig sköpum við samfélag þar sem öllum líður vel í sínu nær umhverfi.

Framtíðin í Árborg er björt og spennandi og mig langar að taka þátt í að móta hana ásamt öflugum fólki sem brennur fyrir samfélaginu. Sveitarfélagið hefur að geyma fjölbreytt tækifæri í krefjandi verkefnum næstkom-



andi ára. Framtíðin felst í því að fjárfesta í fólki og mig langar að leggja mitt að mörkum í þeirri fjárfestingu og byggja hér upp öruggt samfélag þar sem áhersla er á að bæta stað og stöðugt lífs-gæði íbúa.

## Stefán Gunnar gefur kost á sér í 1. sæti

Stefán Gunnar Stefánsson gefur kost á sér í 1. sæti í prófkjöri Framsóknarflokksins fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar í Árborg. Stefán er iðnfræðingur að mennt og starfar sem fageftirlitsmaður fjárfestingarverkefna hjá Veitum. ohf, þar sinnir hann verkefnum á Suðurlandi og í Reykjavík. Stefán er brottfluttur Dalamaður og hefur búið í Árborg síðan 2015.

„Sveitarfélagið Árborg á sér bjarta framtíð. Gríðarleg íbúafjölgun hefur verið undanfarin ár og stór hluti þeirra ungt fjölskyldufólk, tel ég mikilvægt að tryggja þeim hópi öruggt um-

hverfi og góða þjónustu. Svo hröð uppbygging er mikil áskorun fyrir sveitarfélög og innviði þeirra. Mikilvægt er að stuðlað sé að góðu jafnvægi í uppbyggingu og horft sé til framtíðar í skipulagsmálum.

Mannlíf bæjarins hefur tekið á sig töluvert breytta mynd á skömmum tíma með nýju og öflugum fólki. Sveitarfélagið Árborg er frábær staður og hér er gott að búa. Það er mjög gefandi og gaman að sjá og upplifa þær breytingar á umhverfinu sem hafa verið á undanfögnu árum.

Þess vegna hef ég ákveðið að gefa kost á mér í 1. sæti á



lista Framsóknarflokksins í Árborg því ég hef áhuga á að taka þátt í þeirri vegferð að gera gott sveitarfélag enn betra.“

## Fjórar sýningar opna 5. febrúar í listasafni Árnassinga

Í þessum ólíku en þó samhljóma sýningum er yfirborðið ekki sem sýnist. Hver og einn þessara listamanna kannar á sinn hátt mörk þess hvernig við skynjum yfirborðið, það er staðinn þar sem líkamar okkar enda og heimurinn hefst. Í Hringrás (salur 2) vinnur Þórdís á yfirborðinu með nánd, samhverfu og jafnvægi. Hins vegar er eðli þessa „yfirborðs“ margslungið bæði efnislega og myndrænt séð. Með notkun sérstakrar litbreytifilmu, gerir Þórdís áhorfendur meðvitanda um skynjun sína í rýminu og um líðandi stund; hún býður áhorfendum að verða eitt með skynjuninni, að verða skynjun sín, bæði innan sjónar og snertiskyns. Magnús virðist vinna skýrt gegn því að ramma hluti inn, en býr engu að síður með verkum sínum til ákveðna umgjörð, líkt og verk hans séu íhugun um mörk —mörk þess að tilheyra, mörk þess að vera. Í Rólon (salur 3) eru verkin eins og „stjörnukerfi“ sem haldið er saman með örfínnum, gegnsæjum línunum, úr efni sem á sama tíma endurgerir og endurstíllir skynjun áhorfandans. Í Þú ert kveikj-

an (salur 1) leiðir Ingunn Fjöla áhorfendur að fyrirbærafræði málverksins, þar sem málverkið er á sama tíma hugmynd og upplifun sem áhorfendur taka virkan þátt í, þó ekki með því að taka sér sjálfir pensil í hönd og heldur ekki sem passífir neytendur mynda. Ný gerð af málverkinu kemur fram og leggur meira til en skynjun sem einungis hverfist um sjónina. Líkt og ljóð sem ort er eftir kúnstnarinnar reglum fylgja sýningarnar merkingu og reglum á sama tíma og líta má á þær sem tilraun til að afbyggja þessar sömu reglur. Þannig eiga þær sammerkt að skapa einstakt rými sem mætir áhorfendum í gegnum skynjunina. Á sýningunum er að finna rými fyrir hug myndir, rými fyrir tengingu, rými til hugsunar, ímyndunar, athygli og fyrir drauma. Ljóðin sem finna má í sýningarskránni ljá þessu rými enn frekari merkingu, bjóða upp á þátttöku í innri

myndheimi í samspili við umheiminn.

Í sal 4 mun myndlistar og tónlistarkonan Lóa H. Hjalmtýsdóttir kynna Buxnadrátt. Buxnadrátt er sýning á málverkum, myndasögum, þrívíðum verkum og bókum þar sem Lóa leitast við að svara spurningunni: Hvernig er hægt að vera stórkostlegt sköpunar verk en á sama tíma svona hallærisleg manneskja? Buxna dráttin, kvenkynsútgáfan af klassískum jakkafötum karla, er sett fram sem tákn um þá trú manneskjunnar, sem henni klæðist, að hún hafi stjórn á raunveruleikanum. Líkt og feminískt ævintýri falla málverk af hinum ýmsu konum í hversdagslegum senum saman eins og þúsluspil. Sýningin mun vaxa eftir því sem á líður sýningartímann með vinnustofum sem listakonan heldur.



## Styrkur til félagasamtaka vegna greiðslu fasteignaskatts



Frestur til að sækja um styrki til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum í Sveitarfélaginu Árborg sem nýttar eru fyrir starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni, s.s. menningar-, íþrótt-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi eða vinnu að mannúðarstörfum, rennur út 15. mars n.k.

Skilyrði er að viðkomandi fasteign sé skráð eign almenns félags eða að það sé handhafi þinglýsts húsaleigusamnings til a.m.k. eins árs og að fram komi í samningnum að félagið skuli greiða fasteignagjöld af hinu leigða húsnæði. Sótt er um styrkinn á „Mínar síður“ á vef sveitarfélagsins, arborg.is.

Sveitarfélagið Árborg  
Ingibjörg Garðarsdóttir  
fjármálastjóri

Lífshlaupið er heilsu- og hvatningarverkefni Íþrótt- og Ólympíu-sambands Íslands sem höfðar til allra landsmanna. Markmið þess er að hvetja landsmenn til þess að fara eftir ráðleggingum Embættis landlæknis um hreyfingu hvort sem er í frítíma, vinnu, skóla eða við val á ferðamáta.

Í ráðleggingunum segir að börn og unglingar ættu að hreyfa sig í minnst 60 mínútur daglega og fullorðnir ættu að stunda miðlungserfiða hreyfingu í minnst 30 mínútur daglega.

Við hvetjum alla íbúa í Árborg til þess að taka þátt í Lífshlaupinu og skapa skemmtilega stemningu og auka félagsandann á vinnustaðnum/í skólanum. Það er gaman að geta fylgst með sinni hreyfingu og jafnframt tekið þátt í þessari skemmtilegu landskeppni.

Nú sem aldrei fyrr er mikilvægt að huga vel að bæði andlegri og líkamlegri heilsu. Hugum að heilsunni og verum dugleg að hreyfa okkur reglulega, munum að allt telur.

Taktu þátt og hvettu fólkið í kringum þig líka til þess að taka þátt í Lífshlaupinu 2022!

Nánari upplýsingar um skráningu, keppnisflokka og lífshlaups smáforritið sem hjálpar þér að halda utan um þína hreyfingu, er að finna á lifshlaupid.is



Sveitarfélagið  
**ARBORG**



veitiban fyrir alla

Landskeppni í hreyfingu  
**Lífshlaupið**  
2.-22. febrúar

**Skráning er hafin!**

## FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG  
ÁRNESSÝSLU**  
Símatími alla virka daga  
frá kl. 13:00 til kl. 16:00  
sími 788 0300.

**AI-Anon Selfossi**  
AI-Anon fundir á þriðjudögum  
kl. 20:00, nýliðafundur  
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

**AI-Anon**  
AI-Anon fundur - Einn dagur  
í einu. Laugardagsmorgnum  
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

**AA**  
Mán. kl. 19 - PPG opinn fundur  
Mán. kl. 21 - AA fundur  
Þrið. kl. 19 - AA konufundur  
Mið. kl. 19:30 - AA fundur  
Mið. kl. 21 - AA fundur  
Fim. kl. 20 - AA karlafundur  
Fös. kl. 20:30 - AA fundur  
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur  
Sun. kl. 11 - AA fundur  
Sun. kl. 21 - AA fundur  
AA Hrísholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á aa.is.

**AA Sporgöngufólk f. alla**  
Bókasafn  
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn  
Klukkan 11-12 sunnudag.

**AA opin fundur f. alla**  
Kirkjan Kjallari  
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn  
Klukkan 20:00 fimmtudag.

**OA**  
Áttu erfið með að hætta að  
borða? OA 12 spora fundur  
Overeaters Anonymus alla  
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

**CoDA**  
Bataleidd frá meðvirkni  
Fundir alla laugardaga  
kl. 10:30.  
Hrísholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á coda.is.

**Leiðin út á þjóðveg**  
Fundir í Rauðakrosshúsinu,  
Mánamörk 1, Hveragerði, efri  
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

## HEILSA

**Energy Touch**  
- Nudd  
- Heildræn  
meðhöndlun



Áttund

**20% afsláttur  
af gjafakortum**

**Ný námskeið  
3. febrúar.**



**Ragnhildur  
Sigurðardóttir**  
farsími  
693 2197

Cand.mag. í iþróttfræðum,  
nálastungur, yoga,  
NLP-master/coach,  
nuddmeistari,  
Hugræn atferlismeðferð,  
meta medicine.

## FUNDIR

## Vöflukaffi

Vöflukaffi verður nk. laugardag á milli kl. 11 og 12 á Eyravegi 15, Selfossi. Sultur gerir sætan mat og vöflur betri. Allir velkomnir!

## ÞJÓNUSTA

**BR FLUTNINGAR**  
  
**S. 662 1122**

**Daglegar ferðir**  
**SELFOSS - REYKJAVÍK**  
**SUÐURLAND**

## ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði  
Gagnheiði 51, Selfossi  
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

**KJARNABÓKHALD**

**Bókhald • Framtöl • Skattskil**  
**Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.**

Austurvegur 6 - 800 Selfoss  
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

**Ráð í rekstri!**

## Hjá Maddy ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss  
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

**Bókhald - ráðgjöf**  
**skattskil**

**Þjónusta við**  
**einstaklinga og**  
**fyrirtæki**  
Persónuleg þjónusta

**Glory**  
BLINDS

**Mikið og fallett úrval af**  
**gardínum og gluggatjöldum.**

Við bjóðum upp á fría  
ráðgjöf og mælingu.

**20% afsláttur**  
**af öllum pöntunum!**

Uppl. í síma 866 3300 / 784 9689  
flisalina@flisalina.is

## A.O. VERKTAKAR

Nýsmíði, endurbætur  
og viðgerðir.

Alhiða  
byggingaþjónusta.

Sími 761 8055  
aoverkt@gmail.com

## KIRKJUR

**Selfosskirkja**  
Messa sunnudaginn 6. febrúar  
kl. 11:00. Kirkjukórinn syngur,  
organisti Edit A. Molnár, prestur  
Arnaldur Bárðarson. Sunnuda-  
dagaskóli á sama tíma, umsjón  
Sjöfn Þórarinsdóttir ásamt leið-  
tögum.

Morgunbænir þriðju-, mið-  
viku- og fimmtudaga kl. 9:15.  
Kyrrðarstund miðvikudaga kl.  
17:00.

## Hveragerðiskirkja

Messa kl. 11. Prestur sr. Ninna  
Sif, kirkjukórinn syngur, organisti  
Miklós Dalmay. Sunnudagaskóli  
kl. 12:30. Umsjón hafa sr. Ninna  
Sif og Unnur Birna.

## Aðventistar

Safnaðarheimili aðventista,  
Eyravegi 67, Selfossi, 5. febrúar.  
Bibliuexiur kl. 11 og guðsþjón-  
usta kl. 12. Verið velkomin.

## BÍLAR

**SKÁLINN**  
Gagnheiði 11  
800 Selfossi  
Sími 482 2200  
GSM 894 2277  
Fax 482 2777  
**Yfirbyggingar - Réttingar**  
**Bílamálun - Rúðuskipti**

**KIETTUR**  
Bifreiðaverkstæði

Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi

Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og  
almennar bílavíðgerðir.

Hjólástillingar  
Dekklja- og smurþjónusta  
Sími 482 4069

## FÉLAGSSTÖRF



**NÝJAR REGLUR UM**  
**FJÖLDTAKMÖRK Á**  
**SAMKOMUM**

Almennar fjöldatakmörk-  
anir fara úr 10 manns í 50.  
Náandarregla fer úr 2 m í 1  
m. Grímuskýlda er óbreytt.  
Félagsstarf getur því hafist  
með sama hætti og var fyrir  
jól. Viðburðastjórnar taka  
afstöðu hvenær þeir fara af  
stað með sína starfsemi.

Ath. Verið er að vinna í  
stóra salnum og breyta þar  
kaffiaðstöðunni.  
Lestur fornbókmennta hefst  
7. febrúar. Njála kafli 60.  
Öndvegisbókmenntir hefjast  
9. febrúar.

**Minum á heimasíðu**  
**félagsins og Facebook.**

## Margrét Gísladóttir opnar stofu í Fjölheimum

Margrét Gísladóttir sérfræð-  
ingur í geðhjúkrun og fjöl-  
skyldufræðingur hefur opnað  
stofu í Fjölheimum, Tryggva-  
götu 13, Selfossi

Margrét er doktor og klínískur  
sérfræðingur í geðhjúkrun og  
fjölskyldufræðingur. Hún býður  
upp á fjölskyldumeðferð/stuð-  
ning og ráðgjöf fyrir foreldra/að-  
standendur einstaklinga (ung-  
linga/ungs fólks) með geðrænan  
vanda, átröskun og ADHD. Hún er  
einnig með fjölskyldu- og  
hjónaviðtöl vegna samskipta-  
vanda og aðstandendahópa  
einstaklinga með átröskun eða  
ADHD.

Margrét hefur um 30 ára

reynslu af  
að vinna  
á legu- og  
göngu-  
deildum  
geðsviðs  
Landspítala  
og eitt ár  
á dagdeild



fyrir einstaklinga með átröskun  
í London. Hún er starfandi í Do-  
mus Mentis geðheilsustöð og  
áður til fjölda ára á göngudeild  
BUGL (Barna- og unglinga-  
geðdeild Landspítala). Margrét  
er stundakennari við HÍ. Hægt  
er að hafa samband í síma 692  
2299 eða á netfangið margret@  
dmg.is

## Úttekt á viðbrögðum við náttúruhamförum

Áskoranir hafa alla tíð fylgt  
sambúð við náttúruöflin á  
Íslandi og þar eru síðustu ár engin  
undantekning. Náttúruham-  
farir hafa valdið umtalsverðu  
eigna- og rekstrartjóni undan-  
farið, en þar nægir að nefna tjón  
af völdum snjóflóða, öskufalls,  
jarðskjálfta og aurflóða.

## Samræmi í tryggingarvernd er nauðsyn

Tjón af völdum náttúruham-  
fara geta reynst hvort sem er  
einstaklingum, fyrirtækjum  
eða annarri starfsemi ofviða og  
þar með ógnað heilu samfélög-  
unum. Tryggingarvernd vegna  
náttúruhamfara hefur því veru-  
lega þýðingu hér á landi, sem og  
skilvirk og sanngjörn úrvinnsla í  
kjölfar hamfara.

Á síðustu árum hefur verið  
farið í margvíslegar aðgerðir  
til að verjast náttúruhamförum  
og koma á samtryggingu vegna  
slíkra tjóna. Má þar nefna ým-  
iss konar vöktun náttúruvár,  
Náttúruhamfaratryggingu Ís-  
lands, verkefni Ofanflóðasjóðs  
og Bjargráðasjóðs ásamt þróun  
verklags stjórnvalda í viðbrögð-  
um og úrvinnslu afleiðinga ein-  
stakra atburða. Þá spila trygg-  
ingar sem keyptar eru af trygg-  
ingarfélagum inn í verndina,  
bæði lögboðnar tryggingar og  
valfrjálssar tryggingar.

Þó við séum miklu betur í  
stakk búin fyrir glímuna við  
náttúruöflin núna heldur en  
lengst af í Íslandssögunni þá er  
ljóst að enn er hægt er að gera  
betur. Mikilvægar upplýsingar  
verða til hjá heimamönnum  
jafnt og stjórnvöldum í kjölfar  
hvers atburðar. Mikilvægt er að  
læra af reynslunni til að halda  
áfram að bæta vinnubrögð. Bent  
hefur verið á ósamræmi í bótum  
til þeirra sem missa húsnæði sitt  
í hamförum og þeirra sem þurfa  
að flytja úr húsnæði vegna hættu  
á hamförum. Þá er margt óljóst  
varðandi vernd og tryggingar

**Líneik Anna**  
**Sævarsdóttir**

Þingmaður Fram-  
sóknar í Norð-  
austurkjördæmi.



atvinnulífsins, atvinnutækja og  
atvinnuhúsnæðis.

## Tillaga um úttekt á tryggingarvernd og verklagi

Það er löngu tímabært að meta  
verklag og ég hef því, ásamt  
fleiri þingmönnum, lagt fram  
þingsályktunartillögu um úttekt  
á tryggingarvernd og úrvinnslu  
tjóna í kjölfar náttúruham-  
fara. Markmið tillögunnar er að  
greina hverju sé helst ábótavant  
í tryggingarvernd og úrvinnslu  
tjóna og að draga fram leiðir til  
úrþóta. Þar þarf að meta sam-  
ræmi í viðbrögðum, hvort ein-  
hvers staðar séu göt í kerfinu,  
hvað hefur ekki fengist bætt og  
hvers vegna ekki, og á hverja  
kostnaður vegna hreinsunarad-  
gerða og annarra verkefna í kjöl-  
far hamfara fellur.

Þá er lagt til að í úttektinni  
verði metið hvernig hægt sé  
að auka skilvirkni, jafnræði og  
sanngirmi í viðbrögðum vegna  
náttúruhamfara til framtíðar, svo  
sem með breytingum á upplýs-  
ingagjöf, lögum, reglugerðum  
eða verklagsreglum. Úttekt sem  
þessi er löngu orðin tímabær.  
Það er margt hægt að læra af  
liðnum atburðum og mikilvægt  
er að nýta reynsluna til frekari  
framfara.

Tillagan er nú til umfjöllunar  
á Alþingi og vil ég hvetja alla  
þá sem hafa athugasemdir eða  
ábendingar varðandi málið að  
senda umsagnir til Efnahags-  
og viðskiptanefndar Alþingis.  
Öllum er frjálst að senda nefnd  
skriflega umsögn um þingmál  
að eigin frumkvæði og hefur slík  
umsögn sömu stöðu og þær sem  
berast samkvæmt beiðni nefndar.

# Skjalavarslan er skemmtilegt starf

Einar Grétar Magnússon, kennari og héraðsskjala-vörður á Hvolsvelli, lætur ekki mikið fyrir sér fara, en fer þó meira en sýnist, eins og á við um marga hans líka. Síðastliðinn áratug hefur hann safnað saman og flokkað skjöl af ýmsu tagi, sem legið höfðu árum saman í bókakössum í geymslum og kjallaraherbergjum víða um sýsluna. Fundargerðir sveitarfélaga og óteljandi önnur skjöl og bækur eru nú komin á Skógasafn, vandlega skráð og flokkuð og aðgengileg þeim er á þurfa að halda. Einar Grétar stendur nú á sjötugu, löngu kominn á aldur eins og sagt er, og býr sig undir að setjast í helgan stein.

## Bóndasonur úr Hlíðinni

Einar Grétar er frá Kotmúla í Fljótshlíð, sonur hjónanna Magnúsar Einarssonar og Ragnheiðar Guðmundsdóttur. Þau voru bændur á Kotmúla frá 1945 til 1972 er þau brugðu búi og fluttu á Hvolsvöll. Einar Grétar hafði þá lokið landsprófi frá Skógaskóla og var í kennaranámi í Reykjavík, sem hann lauk 1973. Eftir kennaranámið fékk hann kennarastöðu við sinn gamla skóla í Fljótshlíðinni.

„Ég byrjaði að kenna við barnaskólann í Fljótshlíð og var þar sex vetur. Eftir það kenndi ég í einn vetur í gagnfræðaskólunum á Selfossi og 1981 fékk ég svo kennarastöðu við gagnfræðaskólann á Hvolsvelli, sem 1996 var sameinaður barnaskólunum og varð þá grunnskólinn á Hvolsvelli. Þar kenndi ég til 2009 og hafði þá kennt samfelld við skólann í 28 ár. Í allt var ég því kennari í 36 ár, fyrir utan einn vetur sem ég tók mér frí, eftir veturinn á Selfossi, og tók mér árs leyfi 1992-1993 og kenndi þá við grunnskólann á Húsavík. Konan mín Benedikta Steingrimsdóttir er frá Húsavík og henni bauðst að taka að sér reksturinn á Hótel Húsavík í eitt ár og okkur fannst þetta gott tækifæri til að víkka sjóndeildarhringinn.“

## Starf sem hentaði mér

„Árið 2011 bauðst mér starf við Héraðsskjalasafn Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga. Það var stofnað 1988 en það hafði ekki verið mikið skráð og flokkað af þeim gögnum sem ég tók svo við. Ég var ekki með menntun í tengslum við þetta starf aðra en þá reynslu sem ég hafði aflað mér sem kennari, en Björn Pálsson, fyrrverandi skjalavörður Héraðsskjalasafns Árnesinga kom tvisvar sinnum í tvær vikur í Skóga til að hjálpa mér af stað og það var góður skóli.

Safnið er með aðsetur í Skógum en mér bauðst að vinna að mestu leyti á skrifstofu sem Rangárþing eystra útvegaði hér á Hvolsvelli, auk þess sem ég hafði nokkuð frjálsan vinnutíma. Þetta hentaði mér vel



Einar Grétar Magnússon hefur starfað með Björgunarsveitinni Dagrenningu í hart nær hálfa öld og verið fjallkóngur á Emstrum í 30 ár. Hér er hann með lamb sem björgunarsveitarmenn tóku upp í bíl sinn í eftirlitum á Emstrum. Bilstjórinn er Baldur Ólafsson. Mynd/Porsteinn Jónsson

vegna annarra starfa og áhugamála,“ segir Einar Grétar sem alla tíð hefur verið öflugur félagsmálamaður. Af því helsta má nefna að hann var í 30 ár gjaldkeri Björgunarsveitarinnar Dagrenningar á Hvolsvelli, auk þess að taka þátt í ýmsum öðrum störfum, og 2019 var hann gerður að heiðursfélaga í Hestamannafélaginu Geysi fyrir vel unni störf í þágu félagsins.

## Gullmolar í einkasöfnum

„Ég hef alltaf haft gaman að ýmis konar grúski, þannig að í raun hefur starfið á skjalasafninu öðrum þræði verið áhugamál líka. Mikið af þeim gögnum sem ég hef flokkað eru vissulega þurr lesning, eins og funagerðarbækur og slíkt, en það dukkan alltaf upp gullmolarannað slagið sem er virkilega gaman að lesa. Við fáum töluvert af skjölum úr einkasöfnum og þar er oft að finna skemmtilegar sögur og frásagnir. Sem dæmi þá fengum við sent úr einkasafni Oddgeirs Guðjónssonar í Tungu endurminningar Vigfúsar Ísleifssonar á Flóka-stöðum, sem hvergi hafa verið birtar. Þar er nákvæm lýsing á húsaskipan á bænum og líka á leikjum barna frá þeim tíma sem Vigfús var að alast þar upp. Þess má geta að einkaskjalasafn okkar er að mestu komið á vefinn og aðgengileg á www.einkaskjalasafn.is, sem er samskrá yfir einkaskjalasöfn á Íslandi. Önnur skjöl safnsins eru ekki veflæg enn sem komið er, en það er stefnt að því að þau verði það. Skráning þeirra er öll á rafrænu formi, það er að segja heiti þeirra og efni, og það er í undirbúningi að skanna sem mest á PDF form.

Síðastliðin tvö ár höfum við fengið styrk til að skanna inn fundagerðarbækur gömlu sveitarfélaganna í Rangárþingi og Vestur-Skaftafellssýslu. Það er þegar búið að skanna inn 10 þúsund blaðsíður og þær eru vistaðar hjá Héraðsskjalasafni

Árnesinga undir [www.mynda-setur.is](http://www.mynda-setur.is).“

## Ansi margar blaðsíður

„Skjalasafninu berast um 40-50 afhendingar á ári og öll skjöl eru geymd á Skógasafni. Ég er búinn að fara víða og sækja kassa; hjá sveitarfélagunum, stofnunum, fyrirtækjum og einstaklingum. Í safninu eru um 300 hillimetrar. Frá Rangárþingi eystra eru um 7 hillimetrar og tæplega 100 öskjur, og frá Rangárþingi ytra eru um 4 hillimetrar eða um 50 öskjur, ef það skyldi segja einhverjum eitthvað um það magn sem um ræðir. Því miður hef ég ekki nákvæmar tölur yfir fjölda þeirra skjala sem ég hef flokkað, en það eru ansi margar blaðsíður í það heila.“

## Lokasprettur á þorranum

Einar Grétar stendur nú á sjötugu og er því löngu kominn á aldur eins og sagt er. Hann hefur þó ekki verið á þeim buxunum að hætta að vinna, fyrr en nú. Búið er að auglýsa starfið laust til umsóknar og þegar hafa nokkrar álitlegar umsóknir borist. Einar er þó ekki alveg hætturn og verður í „sérverkefnum“ eitthvað fram eftir ári.

„Það er dálítið sem mig langar að klára áður en ég hætti alveg. Í febrúar og mars á næsta ári mun ég halda fundi í öllum gömlu sveitarfélögum í Rangárþingi og Vestur-Skaftafellssýslu og kynna skjalasafnið. Þar mun ég líka kalla eftir gögnum frá hinum ýmsu félögum, svo sem kvenfélögum, búnaðarfélögum, slysavarnafélögum, og svo framvegis. Ég tel að þarna sé á ferðinni verðmætur arfur sem vert er að skrá og geyma. Ég geri ráð fyrir að þetta verði lokaspretturinn hjá mér hjá skjalasafninu og hlakka til, þetta verða áreiðanlega mjög skemmtilegir fundir. Þeir verða auglýstir í Búkollu og víðar þegar þar að kemur,“ segir Einar Grétar Magnússon að lokum. ry.is

LISTASAFN  
ÁRNEŚINGALÁ  
ART MUSEUM05.02—  
22.05.2022SALUR GALLERY 1  
INGUNN FJÓLA  
INGÞÓRSÞÓTTIRSALUR GALLERY 2  
ÞÓRÐIS  
ERLA ZOEGÁSALUR GALLERY 3  
MAGNÚS  
HELGASONSALUR GALLERY 4  
LÓA H.  
HJÁLMTÝSDÓTTIRSYNINGARSTJÓRI CURATOR  
ERIN  
HONEYCUTTÞÚ ERT  
KVEIKJAN  
YOU ARE  
THE INPUTBUXNADRAGT  
POWERSUITRÓLON  
ROLL ONFjórar sýningar opna laugardaginn  
5. febrúar og standa til 22. maí.  
Verið velkomin á sýningartímanum.Viðburðir tengdir  
sýningunum verða  
auglýstir á samfélags-  
miðlum og á vefsíðu  
safnsins.Four exhibitions will open on  
Saturday 5th of February and  
are open until May 22nd. We  
look forward to seeing you during  
this time.Please follow our social  
media and webpage  
for events and program  
in connection to the  
exhibitions.Opíó alla daga nema mánudaga frá 12—17 Aðgangur ókeypis  
Open all days except Mondays from 12—17 Free Entry

## Auglýsing um skipulag í Sveitarfélaginu Ölfusi

Eftirfarandi skipulagstillögur voru samþykktar til auglýsingar í samræmi við 1. málsgrein 41. greinar skipulagslaga nr. 123/2010 af bæjarstjórn Ölfuss á 298. fundi hennar þann 27. jan. síðastliðinn.

### Deiliskipulagstillaga fyrir Lindarbæ í Árbæ

Tillagan nær yfir lóðina Lindarbær í Árbænum, landnúmer 171766. Hún markar heimildir og setur skilmála svo unnt sé að gera bílskúr á lóðinni og byggja við núverandi íbúðarhús.

### Deiliskipulagstillaga fyrir Laxabraut 17

Tillagan nær yfir fiskeldi á lóðinni Laxabraut 17 og markar heimildir fyrir mannvirkjum í formi húsa, kerja, fódursílóa, súr-efnistanka, vatns- og frárennslislagna, ásamt lagningu gatna, plana og bílastæða og annað er fiskeldi á landi krefst. Vatnsöflun til rekstursins verður frá borholum innan lóðar. Frárennslí verður síað og hreinsað áður en það verður leitt til sjávar. Í greinagerð er ákvæði um að ljósmengun skuli lámörkuð og tryggt verði að frárennslí loki ekki gönguleið meðfram ströndinni.

### Breyting á deiliskipulagi hafnarsvæðis í Þorlákshöfn

Breytingin heimilar stækkun lóðarinnar Hafnarskeið 22 um tæpa 3000 fermetra. Lóðamörk færast örliði til og ólagða gatan Boðaskeið verður blindgata. Þetta er gert svo hægt sé að koma fyrir nýju vöruhúsi með hleðsludrym báðu megin og vöruflutningabílar geti athafnað sig innan lóðar.

### Deiliskipulagstillaga fyrir lóðina Suðu í Selvogi

Deiliskipulagstillögu nær yfir sumarhúsaloð í Selvogi sem ber nafnið Suða. Tillagan gerir ráð fyrir að núverandi hús verði gestahús og heimilt verði að byggja nýtt sumarhús á lóðinni allt að 150 m<sup>2</sup>.

Tillögurnar verða til sýnis á bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn frá 2. febrúar 2022 til 16. mars 2022. Hægt er að senda ábendingar eða athugasemdir á netfangið skipulag@olfuss.is fyrir lok vinnudags þann 16. mars 2022.

Gunnlaugur Jónasson, skipulagsfulltrúi Ölfuss

### Framtíðarhúsnæði BES á Eyrarbakka

Eitt mikilvægasta verkefni Efræðslufyrivalda í Árborg er að leysa þann vanda sem upp er kominn í húsnæðismálum BES á Eyrarbakka. Fyrir liggur úttekkt Eflu verkfræðistofu um að núverandi húsnæði BES á Eyrarbakka er heilsuspillandi og ekki hæft til notkunar. Við þeirri stöðu var brugðist hratt af bæjaryfirvöldum og skólahúsnæðinu lokað án tafar. Skólahald er því nú í tveimur húsum á Eyrarbakka á meðan unnið er að bráðabirgðalausn og teknar ákvarðanir um næstu skref.

Það er ekki annað í stöðunni en að koma upp bráðabirgðahúsnæði á Eyrarbakka fyrir starfsemi BES og á sama tíma að hanna og byggja upp framtíðarhúsnæði fyrir BES á Eyrarbakka.

Það er mikilvægt að unnið verði í senn hratt og faglega að næstu skrefum, þannig að nemendur, kennarar, annað starfsfólk og stjórnendur komist sem fyrst í varanlegt og gott húsnæði á Eyrarbakka.

Bæjarfulltrúar munu á næstunni þurfa að meta valkosti og taka ákvarðanir sem skipta munu gríðarlega miklu máli fyrir nemendur, skólafólk sem og samfélagið allt.

Á Eyrarbakka er valkostur til staðar sem gæti verið framtíðarlausn á húsnæðismálum BES á Eyrarbakka. Það er svo nefnt hús Fiskivers. Sú starfsemi sem þar hefur verið síðustu ár hefur verið flutt og því stendur húsið autt.

Húsið er stórt, lítið stúkað niður og býður upp á fjölda möguleika. Klókur arkitekt ætti auðvelt með að vinna með þetta rými. Opna það með fjölgun á gluggum og að fá þannig meiri birtu inn í rýmið með tilliti til breyttrar notkunar, auk þess að vinna með innra skipulag þannig að úr verði nútímaleg og góð rými fyrir skólahald.

Núverandi húsnæði BES á Eyrarbaka, það er skólabygging og útistofur eru samtals 892 fm. Húsnæði Fiskivers er 1.600 fm. Hið nýja húsnæði dugar því til að byggja rúmgóðan og nútímalegan skóla sem getur á auðveldan hátt tekist á við stöðugt vaxandi íbúafjölda á Eyrarbakka og Stokkseyri.

Að sjálfsögðu byggir þessi hugmynd á því að hægt sé að semja um kaup á umræddu húsnæði. Tímasetningin er góð, þar sem bæjarfélagið vantar húsnæði fyrir skólann og húseignin auð og fer væntanlega á sölu fljótlega.

Þessi breyting myndi auk þess bæta mjög ásýnd Eyrarbakka. Sérstaklega þegar komið er inn í þorpið. Þar sem komið yrði að fallugu skólahúsnæði með lifandi og skapandi starfi.

Lóð Fiskivers er ágætlega stór og getur með sóma boðið bæði upp á stækkun á húsnæðinu gerist þess þörf í framtíðinni sem og verið skólalóð með öllu því sem þarf og á að vera á slíkri lóð. Hægt er t.d. að loka vegstubb

ofan við húsnæðið að sjó til að nýta enn betur lóðina og skapa betri aðstöðu og þá sérstaklega þegar Björgunarsveitin flytur sig um set.

Stutt verður fyrir nemendur að ganga yfir í samkomuhúsið Stað, þar sem íþróttakennsla fer fram. Staðsetningin býður einnig upp á fjölda tækifæra í nútíð og framtíð, sem gæti verið mjög spennandi að próa.

Héraðsnefnd Árnassýslu hefur nýlega og með miklum myndarbrag breytt svonefndu Alpan húsi, sem var orðið hrörlegt í glæsilega aðstöðu fyrir Byggðasafn Árnassýslu. Það hús er beint á móti því húsi sem hér er um rætt. Undirritaður veit ekki betur en að þær kostnaðaráætlanir sem gerðar voru varðandi þær miklu breytingar hafi staðist með ágætum. Það er því góð fyrirmynd fyrir framan okkur, bæði hvað varðar farsæla lausn og fyrirsjáanleika í kostnaði.

Það er án nokkurs vafa fjárhagslega hagvæmt að leysa varanlega húsnæðisvanda BES á Eyrarbakka með þessum einfalda hætti. Auk þess mun þessi lausn spara allan þann kostnað sem því fylgir að kaupa eða leigja bráðabirgðahúsnæði til lengri eða skemmri tíma.

Það er raunhæft, verði gengið rösklega til verka að skólaþingningin í nýju og varanlegu húsnæði BES á Eyrarbakka verði næsta haust.

Guðmundur Ármann  
Íbúi á Eyrarbakka



**DAGSKRÁIN**  
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is

**HEYRN**  
HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600  
www.heyrn.is

**VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf**  
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala  
Rennismíði  
Innréttingar  
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi  
Sími 482 1980

**FROST**  
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI  
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA  
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

**expert kæling**

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum  
Ísskápaþjónustur - Almennar raflagnir

**prentmet**  
heildarlausnir í prentun

Sími 482 1944  
selfoss@prentmetoddi.is

**D-H BÓKHALD**

- ✓ Bókhaldsþjónusta
- ✓ Skattskil
- ✓ Stofnun fyrirtækja
- ✓ Framtöl og ársreikningar
- ✓ Fyrirtækjaráðgjöf

Dagbjört Hannesdóttir  
MACC í viðskiptafræði  
dhhokhaldegmail.com  
s. 6933708

**Jiibbiíi**  
Siggaferrir

- Flutningaþjónusta -

Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.  
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.

Reykjavík - Selfoss  
Hella - Hvolsvöllur

Sími 772 6010

**Lagnaþjónustan ehf**

Þjónustur - Efnissala  
482 2311 ☎ 696 2311  
Skrifstofa Þjónustusími

**FYLGDI**  
Útfararþjónusta

Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Þirkisdóttir Elfar F. Sigurjónsson

Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

**NÝTT**

Vinnuvélanámskeið  
á netinu!

www.vinnuvelaskolin.is

BRÁÐ AF VINNÁTTU!

**BYKO** Selfossi

Hjólbarðarþjónusta  
Magnúsar

Gagnheiði 25 - Sími 482 2151

**HM**

Hjólbarðar  
Betri vörur - betra verð

**Rétting og málun**

Vottað réttingaverkstæði  
Cabas tjonaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi  
☎ 480 8020

Bílasprautun - Bílaréttingar  
Bílrúðuskipti

**Bilverk BA**

Þar sem fagmennirnir vinna  
★★★★★ Vottað verkstæði  
Gagnheiði 3 - Selfossi  
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is